



UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR

STOFNAÐ 26 APRÍL 1912

Fundur var haldinn að Digranesgötu 2 þann 5. febrúar 2024 kl.16:30

Mætt voru: Guðrún Hildur Þórðardóttir, Elisabeth Ýr Mosbech Egilsdóttir, Ólafur Daði Birgisson, Raket Dögg Sigurgeirsdóttir, Sölvi G Gylfason, Bjarney Lárudóttir Bjarnadóttir.

1. Sambandsstjóri setti fundinn kl.16:40
2. Framkvæmdastjóri fór lauslega yfir þau verkefni sem lágu fyrir í janúar og eru framundan. Þar kom m.a. fram að lottógreiðslum var úthlutað 1. febrúar og opnað verði fyrir umsóknir í afrekssjóð í vikunni. Það helsta sem liggur fyrir á næstunni eru 102. sambandsþing UMSB og Unglingalandsmót UMFÍ 2024 og voru það sér liðir á dagskrá.
3. Hlaupahópurinn Flandri óskaði eftir inngöngu í UMSB – Umsókn uppfyllti öll skilyrði og samþykkti stjórn að taka félagið inn í UMSB með fyrirvara um staðfestingu sambandsþing og ÍSÍ sbr. 6. gr. laga UMSB
4. Sambandsþing 2024 verður í umsjón Umf. Íslendinga. Þingið verður haldið í LBHÍ miðvikudaginn 13. mars kl.17:00.

Finna þarf þingforseta og varabingforseta, Umf. Íslendingur mun sjá um að útvega vararitara eins og hefðin er.

Það liggur fyrir að það muni vanta allavega tvo í stjórn því þarf að manna uppstillingarnefnd sem fyrst og hjálpa nefndinni við leita eftir áhugasömum einstaklingum.

Ákveðið var að halda vinnufund þann 17. febrúar nk. kl. 10:00 þar sem farið verður yfir hverjir eigi að fá heiðursmerki á sambandsþingi, lög og reglur endurskoðaðar og tillögur útbúnar.

Framkvæmdastjóri mun senda leiðbeiningar varðandi ársskýrsluskilin á aðildarfélög og minna þau á að senda til UMSB hvenær aðalfundir fara fram. Mikilvægt fyrir stjórn UMSB að vera upplýst um það upp á að einhver geti mætt fyrir hönd sambandsins.

Það þarf að finna tíma með skoðunarmönnum ársreikninga – verið er að bíða eftir að fá ársreikninginn frá bókhaldsþjónustunni. Framkvæmdastjóri og gjaldkeri

munu sitja með skoðunarmönnum þegar vinnan fer fram.

5. Unglingalandsmót UMFÍ 2024 – farið yfir stöðuna.
Það vantar enn fjóra keppnisstjóra – þarf að gera fjárhagsáætlun og ákveða á hvaða fyrirtæki skal senda styrktarbeiðni á. Ákveðið að þetta verði tekið upp á vinnufundinum 17. febrúar.
6. Vaskur á Borgarbraut 61 – Beiðni um að setja upp vask. Heilbrigðiseftirlitið tók út aðstöðuna og vill fá vask í húsnæðið sem leigt er út. Stjórn samþykkir að settur verði upp vaskur ef það er mögulegt með góðu móti og ekki of miklum tilkostnaði.
7. Finna fundartíma með aðildarfélögum. Mikilvægt er að ná góðu samtali við öll aðildarfélög og efla þannig samstarfið. Stefnt að því að finna fundartíma með öllum aðildarfélögum að sambandsþingi loknu.
8. Formleg beiðni um samstarf – samráð gegn heimilisofbeldi á Vesturlandi.
Póstur barst frá SSV varðandi svæðisbundið samráð gegn ofbeldi og afbrotum. Óskað var eftir samstarfi við sjálfseignarstofnanir og félagasamtök á borð við íþróttafélög og annarra sem koma að frístundastarfi barna á Vesturlandi. Var þess óskað að forsvarsmenn undirriti samstarfsyfirlýsingu þar sem því er heitið að viðkomandi félag muni taka þátt í og leggja þessu samstarfi lið af fremsta megni.

Stjórn samþykkir beiðni um samstarf og leggur til að sambandsstjóri undirriti samninginn fyrir hönd UMSB.

9. Önnur mál
Póstur barst frá Borgarbyggð vegna viðburða sem mögulega verða haldnir í sveitarfélaginu á árinu og því velt upp hvort UMSB geti haft einhverja aðkomu að því.

Stjórn þakkar fyrir að haft verið samband og skoðaði hvort og hvernig sú aðkoma gæti verið. Niðurstaðan var sú að þeir viðburðir sem um ræðir séu utan þess verksviðs sem starfsemi UMSB nær til.

Fundi slitið kl.18:45